

í hverri útey gjöra nýjar lundaholur, 6—8 þumlunga djúpar, og taka gras og arfa úr gömlum holudrym. **93**  
16. júlí.

## 4. gr.

Hver sameign — og sjereign einnig — skal í byrjun veiðitímans ár hvert kjósa úr flokki veiðimanna umsjónarmann fyrir hverja útey, er sjái um, að samþykkt þessari sje í öllum greinum rækilega hlýtt. Að launum skal umsjónarmaður sá, er kosinn er fyrir hverja útey fá 1 fugl af óskiptu af hverjum 200, sem veiðast um veiðitímann í þeirri útey.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5 til 100 króna, er falli hálfar til sveitarsjóðs, en hálfar til þess manns, er kemur brotinu upp.

Skrifstofu Vestmannaeyjasýslu, 9. júní 1895.

*Jón Magnússon.*

\*

\*

\*

Framanrituð samþykkt er hjer með staðfest til þess að öðlast gildi 1. október 1895.

Skrifstofu Suðuramtsins, 16. júlí 1895.

*J. Havsteen.*

**Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um talning á holdsveikum og skýrslur um sjúkdóminn.** — Samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans fyrir Ísland skal jeg hjermed þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla hjeraðslækna í ömtum yðar og aukalækna, er styrk hafa af opinberu fje, að byrja svo fljótt, sem audið er, á fullkominni og nákvæmri talning á öllum holdsveikum, sem í hjeröðum þeirra eru, og halda talning þessari smámsaman áfram með rannsókn á hverju einasta heimili í hjeraði hverju, jafnóðum og sjúkra vitjanir og embættisferðir gefa tækifæri til þess. Rannsókninni og talningunni á að vera lokið fyrir 1. júlí 1898, og eptir það á hver læknir innan mánaðar að senda landlækni skrá yfir alla holdsveika í hjeraði hans eða umdæmi, og á í þeirri skrá að skýra frá aldri hinna sjúku, bústað þeirra, kjörum þeirra, tegund sjúkdómsins og stigi o. s. frv., allt eptir eyðublaði, sem samið verður af landlækni, og útbýtt til læknanna innan skamms. **94**  
23. júlí.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um lántökuleyfi banda amtsráði (Ágrip).** — Með brjefi þessu samþykkti landshöfðingi, að ámtsráð Suðuramtsins tæki 4500 kr. lán, til þess að standast kostnað við búnaðarskólahaldið á Hvanneyri. **95**  
24. júlí.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Árnessýslu um reglur fyrir umferð um brúna á Þjorsá hjá Þjótanda og um gæzlu brúarinnar fyrst um sinn.** — Jafnframt því að senda yður hjer með, herra sýslumaður, nokkur eintök af reglum fyrir **96**  
25. júlí.

**96** umferð um brúna á Þjórsá hjá Þjótanda\*, er auglýsa ber á brúarstæðinu og að 25. júlí. öðru leyti á þann hátt, sem yður virðist hentugt, skal jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg hef gjört ráðstafanir til, að brúin verði opnuð til umferðar fyrir almenning sunnudaginn 28. þ. m. kl. 4 e. h. og afhent sýslunefndunum í Árnæss- og Rangárvallasýslum til umsýjonar fyrst um sinn, samkvæmt lögum 24 nóv. br. 1893.

Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra sýslumaður, að annast frá ofanefndum tíma fyrst um sinn um gæzlu brúarinnar ásamt sýslumanninum í Rangárvallasýslu samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um gæzlu Ölfusárbrúarinnar í brjefi mínu 14. júní 1894, (Stjórnart. 1894, B, bls. 89), og að koma sem fyrst fram með tillögur um endanlegt fyrirkomulag á brúargæzlunni í samráði við sýslumanninn í Rangárvallasýslu, er jeg hef ritað brjef, samhljóða þessu.

\* Reglur þessar, sem eru dagsettar 22. júlí, eru samhljóða reglum fyrir umferð um brúna á Ölfusá hjá Selfossi, dags. 1. ágúst 1894, (Stjórnart. 1894 B. bls. 116).

#### Embættaskipan og sýslana.

14. maí setti landshöfðingi læknaskólakandidat *Skúla Arnason* til þess að þjóna hjeradslæknisembættinu í 19. læknishjeraði með launum frá 1. marz að telja.

22. ágúst veitti landshöfðingi prestaskólakandidat *Pjetri Helga Hjálmarssyni Helga-staðaprestakall í Sudur Þingeyjarprófastsdæmi* samkvæmt ósk hlutadeigandi safnaðar.

23. ágúst setti landshöfðingi hjeradslækni í 1. læknishjeraði, dr. med. *Jónas Jónassen*, til þess ásamt sínu eigin embætti að gegna *landlæknisembættinu* og forstöðu læknaskólans, frá 1. ágúst að telja.

16. sept. setti landshöfðingi adjunkt *Steingrim Thorsteinson* til þess að gegna *yfir-kennaraembættinu við latinuskólann* frá 1. okt. að telja.

S. d. og frá sama tíma setti landshöfðingi þá kandidata *Þorleif Bjarnason* og *Pálma Pálsson* til þess að gegna 4. og 5. kennaraembætti við latinuskólann.

30. sept. setti landshöfðingi dr. med. *Jónas Jónassen* til þess frá 1. okt. að gegna *landlæknisembættinu* og forstöðumannsembættinu við læknaskólann sjerstaklega.

S. d setti landshöfðingi *cand. med & chir. Guðmund Björnsson* til þess frá 1. okt. að gegna *hjeradslæknisembættinu í 1. læknishjeraði* með tilheyrandi kennslu við læknaskólann.

#### Heiðursgjafir.

31. ágúst veitti landshöfðingi bændunum *Magnúsi Sigurðssyni á Grund í Eyjafirði* og *Guðmundi Jónssyni á Miðengi í Árnæssýslu* heiðursgjöf af styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda, 140 krónur hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað og framkvæmdir í jarðabótum og öðru því, er að búaði lýtur.